



Húnabyggð
Börkur Þór Ottósson
Hnjúkabyggð 33
540 Blönduósi

Garðabær, 30.6.2025
Málsnúmer: 202506-0036
MH

Efni: Breytingar á aðalskipulagi Húnavatnshrepps vegna efnistökusvæðis við Hnjúk í Vatnsdal

Vísað er til erindis Húnabyggðar sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 23. júní 2025 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2012–2022 vegna skilgreiningar efnistökusvæðis. Breytingin felast í því að nýtt efnistökusvæði er skilgreint að Hnjúki í Vatnsdal; um er að ræða nýja námu (20.000 m^3) og stærð raskaðs svæðis er um áætluð um 1,25 ha.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér tillöguna. Þar kemur fram að ekki sé vitað til að sérstæðar eða fágætar vistgerðir finnist á svæðinu, heldur séu tún og akurlendi ríkjandi landgerðir. Fyrirhugað rask mun að mestu eiga sér stað á núverandi athafnasvæði við bæinn Hnjúk og áhrif framkvæmda eru sögð staðbundin og tímabundin á gróður, smádýralíf og mófugla. Gert er ráð fyrir að vistkerfi verði að hluta endurheimt að lokinni efnistöku og frágangi.

Á loftmynd má sjá að svæðið virðist þegar nokkuð raskað og að efnistaka sé þegar hafin á svæðinu. Stofnunin bendir þó á að í næsta nágrenni er svæðið Hóp-Vatnsdalur sem hefur verið tilnefnt á B-hluta náttúru-minjaskrár vegna vistgerða, fugla og sela. Einnig eru Hvammsurðir í Vatnsdal og Vatnsdalshólar á C-hluta náttúru-minjaskrár vegna landslags. Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar finnast votlendisvistgerðir með mjög hátt verndargildi í landi Hnjúks.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að við framkvæmdir verði gætt fyllstu varúðar, að votlendisvistgerðum verði hlíft séu þær til staðar og að tekið verði tillit til fuglalífs á svæðinu.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllst,

María Harðardóttir

María Harðardóttir
líffræðingur